

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar, nr. 238/2014.

1. gr.

Við B-lið 46. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður sem verður 10. töluliður og orðast svo: *Öldungaráð*. Sjö aðalmenn, þar af þrír sem tilnefndir eru af Félagi aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos) og einn sem tilnefndur er af heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Jafnmargir varamenn eru kjörnir með sama hætti.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 18. mars 2019.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.